



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

15. maí 2023

Mál nr. E-5100/2022:

Stefnandi: A

(Kristján Flygenring lögmaður)

Stefndi: Íslenska ríkið

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, mánudaginn 15. maí 2023, í máli nr. E-5100/2022:

A

(Kristján Flygenring lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 5. maí 2023, höfðar A kt. [...], [...], á hendur íslenska ríkinu til greiðslu miskabóta.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 750.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. apríl 2021 til 4. mars 2022 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál og virðisaukaskatts á málskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og að stefnandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað.

Til vara krefst stefndi þess að fjárfrafa stefnanda verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik

Stefnandi höfðar þetta mál til greiðslu miskabóta vegna þess sem hún telur ólögmetar aðgerðir lögreglu, það er handtöku stefnanda og húsleitar á heimili hennar 25. apríl 2021.

Stefnandi lýsir þeim atvikum sem hún grundvallar þetta mál á þannig að sambýlismaður hennar hafi, snemma morguns 25. apríl 2021, hringt í neyðarlínuna vegna þess að stefnandi hefði slegið í helluborð með þeim afleiðingum að það brotnaði og skurður opnaðist á hendi hennar sem blæddi töluvert úr. Skömmu síðar hafi þó nokkrir lögregluþjónar komið vettvang með skildi og gasbrúsa en hins vegar hafi enginn sjúkrabíll kom á vettvang. Þegar sambýlismaður stefnanda opnaði dyrnar fyrir þeim hafi hann strax verið dreginn út, tekinn lögreglutökum, snúinn niður og settur í handjárn. Stefnanda hafi brugðið við framferði lögregluþjónanna og farið út úr íbúðinni. Þá hafi hún einnig verið tekin tökum, snúin niður og haldið niðri í malbikinu. Hún hafi verið afar lítið klædd þegar lögreglu bar að garði en úti verið bæði blautt og kalt. Við handtökuna hafi andlit stefnanda skolið í malbikið og hafi tennur hennar brotnað við það. Stefnandi hafi verið handjárnuð og færð inn í sjúkrabifreið til aðhlyningar. Í kjölfarið hafi hún verið flutt á bráðadeild Landspítala. Eftir að stefnandi og sambýlis-

maður hennar voru tekin af vettvangi hafi lögregluþjónar farið í húsnæðið en hvorki stefnandi né sambýlismaður hennar hafi veitt þeim leyfi til þess. Upp frá þessu atviki hafi stefnandi upplifað kvíða og ööryggi.

Lögmaður stefnanda hafi sent embætti ríkislögmans bótakröfu 4. febrúar 2022 vegna aðgerða lögreglu. Með tölvuskeyti embættisins 4. júlí 2022 hafi stefnanda borist bréf dags. sama dag. Í því vísi embættið til þess að stefnandi hafi sjálf stuðlað að þeim aðgerðum er hún varð fyrir í umrætt sinn. Með vísan til þess og með vísan til 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. sakamála laga hafni stefndi bótaskyldu í málinu. Stefnandi geti ekki unað framangreindri niðurstöðu stefnda og hafni því alfarið að hafa stuðlað að umræddum aðgerðum. Stefnandi sé því nauðbeygð til þess að höfða þetta mál í því skyni að fá greiddar bætur vegna aðgerða lögreglu 25. apríl 2021. Hún hafi fengið gjafsóknarleyfi 31. ágúst 2022.

Stefndi hins vegar mótmælir atvikalýsingu stefnanda sem rangri. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt samtímaskráningu í dagbók lögreglu horfi atvik málsins þannig við stefnda að sunnudaginn 25. apríl 2021, kl. 07:09, hafi neyðarlínu borist símtal frá móður stefnanda. Í bókun sem neyðarvörður skráði í símaforrit Neyðarlínu segi: „Blóð á vettvangi/vopnum beitt“.

Í samtímabókun Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra komi fram að móðir stefnanda hafi verið stödd fyrir utan íbúð dóttur sinnar í [...]. Dóttir hennar hefði hringt þá um morguninn og beðið hana um aðstoð. Inni í íbúðinni væru dóttir hennar og sambýlismaður, en hann væri ofbeldismaður og iðulega með vopn á sér. Heyra mætti öskur í karlmanni inni í íbúðinni og þar væri allt í blóði. Málið hafi verið litið mjög alvarlegum augum og sett í fyrsta forgang, svokallaðan F1 forgang.

Sökum aðstæðna á vettvangi hafi Fjarskiptamiðstöð kallað út sérsveit ríkislögreglustjóra. Þar eð sambýlismaður stefnanda, sem einnig var meintur áráarmaður, hafði verið handtekinn áður en sérsveitin kom á vettvang var það útkall afturkallað.

Þegar stefnandi kom út úr íbúðinni hafi hún verið blóðug á höndum, í miklu uppnámi og í annarlegu ástandi og hafi lögregla þurft að beita hana lögreglutökum til að hemja hana og koma henni í hendur sjúkraflutningamanna sem einnig voru komnir á vettvang. Hún hafi loks fengist til að leyfa þeim að huga að sárum hennar með því skilyrði að móðir hennar yrði viðstödd. Henni hafi margoft verið boðin lækniaðstoð sem hún afþakkaði og hafi lögregla íhugað að handtaka hana vegna ástands hennar og færa á geðdeild. Til þess hafi þó ekki komið þar eð móðir stefnanda sagðist ætla að bera ábyrgð á henni, hugsa um hana og aka henni heim. Frelsissvipting stefnanda hafi varað í 13 mínútur, eða þann tíma sem tók að gera að sárum hennar, sem reyndust minni en þau litu út fyrir að vera við fyrstu sýn.

Neyðarlínu hafi aftur borist símtal frá móður stefnanda kl. 8:32 þennan sama morgun þar sem hún óskaði eftir aðstoð lögreglu við að hemja stefnanda og koma henni undir læknishendur. Þær mæðgur voru þá staddar í bifreið fyrir utan [...]. Í samtímabókun lögreglu komi fram að stefnandi, sem hafi greinilega verið snældu-vitlaus, hafi brotið rúðu í bifreið móður sinnar. Móðir stefnanda hafi lýst aðstæðum svo að hún hefði ekki áttað sig á því í hvers konar ástandi stefnandi væri þegar hún tók

við henni af sjúkraflutningamönnunum fyrr um morguninn. Stefnandi hefði misst stjórn á sér í bifreiðinni á leiðinni frá [...]. Hún hefði verið óviðráðanleg, sífelld talað um að [...] og hefði margoft reynt að hoppa út úr bifreiðinni á ferð.

Lögregla hafi ekið stefnanda á bráðadeild Landspítala til aðhlyningar og viðtals vegna [...]. Þar var hlúð að sárum hennar en heilbrigðisstarfsmenn töldu ekki ástæðu til að kalla út geðlækni, heldur ætti hún að bíða þar til geðdeildin yrði opnuð. Stefnandi fór heim með frænku sinni, sem kom á slysadeild, og ætlaði að fylgja stefnanda á geðdeild Landspítala þegar deildin yrði opnuð kl. 13:00. Þegar nær hafi liðið hádegi hafi frænka stefnanda óskað eftir aðstoð lögreglu því hún kæmi engu tauti við stefnanda. Á meðan á símtalinu stóð fór stefnandi út úr íbúð frænku sinnar og upp í bíl, sem stansaði fyrir henni. Þar með hafi afskiptum og aðstoð lögreglu lokið.

Með bréfi 4. febrúar 2022 hafi stefnandi krafist greiðslu skaðabóta að fjárhæð 450.000 krónur vegna handtöku, vanvirðandi meðferðar og húsleitar. Kröfunni hafi verið hafnað 4. júlí 2022 með þeim rökum að stefnandi hefði sjálf stuðlað að aðgerðum gegn sér.

Stefnandi höfðaði þetta mál með stefnu birtri 2. nóvember 2022 til greiðslu bóta að fjárhæð 750.000 krónur vegna þvingunarráðstafana sem hún sætti umrætt sinn. Stefnandi grípi til varna þar eð lögbundin bótaskilyrði séu ekki fyrir hendi.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Bótagrundvöllur

Stefnandi vísar til þess að krafa hennar styðjist við XXXIX. kafla laga um um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum 1. og 2. mgr. 246. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. eigi maður, sem hafi verið borinn sökum í sakamáli, rétt til bóta skv. 2. mgr. ákvæðisins hafi mál hans verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Þá segi í 2. mgr. að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX.–XIV kafla laganna séu skilyrði 1. mgr. fyrir hendi. Í málinu liggi fyrir að stefnandi hafi sætt aðgerðum skv. IX.–XIV kafla sakamálalaga. Hún hafi verið handtekin 25. apríl 2021. Um handtöku sé fjallað í XIII. kafla laganna. Auk þess hafi lögregla farið í leyfisleysi inn í íbúð stefnanda og gert þar húsleit, en ákvæði um húsleit séu í X. kafla sömu laga.

Ákvæði 246. gr. sakamálalaga mæli fyrir um hlutlæga bótaábyrgð ríkisins. Samkvæmt því sé það meginregla að þegar mál sé fellt niður, eins og í tilfelli stefnanda, eigi sakborningur rétt til bóta nema heimilt sé að fella niður bætur eða lækka þær vegna þess að sakborningur hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðum gegn sér, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 246. gr. laganna. Í málinu liggi fyrir að sambýlismaður hafi haft samband við neyðarlínuna í umrætt sinn þar eð stefnandi hefði slasast. Í stað þess að fá aðstoð sjúkrabifreiðar sem hann óskaði eftir hafi vopnaðir lögregluþjónar komið á vettvang og tekið bæði sambýlismann stefnanda og stefnanda sjálfa lögreglutökum og handjárnað. Stefnandi byggir á því að framferði lögregluþjónanna sé með öllu óforvaranlegt og saknæmt.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Ríkið haldi uppi starfsemi lögreglu, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, og því beri stefndi bótaábyrgð á háttsemi lögreglunnar skv. almennri reglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð.

Krafa stefnanda byggist jafnframt á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þar komi fram að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta. Sambærilegt ákvæði sé í 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en þar segi að hver sá sem hafi verið tekinn höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum 5. gr. skuli eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram. Þá segi í 5. mgr. 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálag réttindi að hver sá maður sem hafi ólöglega verið tekinn höndum eða sætt annarri frelsisskerðingu skuli eiga framkvæmanlegan rétt til skaðabóta.

Loks sé á því byggt að lögregla hafi ekki gætt meðalhófs í aðgerðum sínum. Meginreglan um meðalhóf sé í 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 53. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, og einnig 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Þar segi að handhöfum lögregluvalds beri að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskussemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Þeir skuli gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á standi. Þeir megi ekki beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimili og nauðsynlegt sé til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmaetum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum. Þá segi í 14. gr. sömu laga að handhöfum lögregluvalds sé heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei megi þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf sé á hverju sinni.

Stefnandi byggir á því að brotið hafi verið gegn þessum ákvæðum í umrætt sinn. Hún byggir á því að ekkert tilefni hafi verið til umræddra aðgerða og síður en svo til þeirrar hörku sem lögregluþjónar hafi þá beitt. Stefnandi sé smágerð, ung kona en minnst þrjár lögregluþjónar hafi tekið hana tókum og skellt henni fáklæddri í kalt og blautt malbikið. Framlagðar myndir sýni áverka sem hún hafi hlotið við handtökuna. Einnig liggir fyrir vottorð tannlæknis þar sem komi fram að stefnandi hafi hlotið áverka á tönnum.

Þá liggir fyrir að lögregluþjónar hafi farið inn í íbúð stefnanda. Um húsleit séu ákvæði í X. kafla sakamálalaga. Í húsleit felist óhjákvæmilega röskun á friðhelgi einkalífs. Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, skuli allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í 2. mgr. sama ákvæðis segi að ekki megi gera leit í húsakynnum manns eða munum nema skv. dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Í 1. mgr. 75. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 komi fram að leit skv. 74. gr. skuli ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggja ótvírætt samþykki eiganda eða umráðamanns. Í málinu liggir fyrir að lögregla leitaði í húsi stefnanda án úrskurðar eða samþykkis hennar eða eiganda. Samkvæmt 3. mgr. 246. gr. sömu laga skuli dæma bætur vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laganna.

Fjárfrafa

Samkvæmt 5. mgr. 246. gr. sakamálalaga taki bótaábyrgð jafnt til fjártjóns sem miska. Krafa stefnanda sé reist á því að hún hafi þurft að þola ólögmætar þvingunar-ráðstafanir lögreglu. Stefnandi hafi verið handtekin að ósekju, tekin lögreglutökum, snúin harkalega niður til jarðar og færð í handjárn. Hún hafi bæði verið slösuð og illa klædd þegar lögreglu bar að garði. Þá hafi töluverð læti fylgt aðgerðum lögreglu og hafi fjöldi nágranna stefnanda orðið vitni að atvikinu, en það sé til þess fallið að valda tjóni á mannorði stefnanda og æru. Það auki jafnframt á miska stefnanda hvernig staðið var að umræddri handtöku, en hún var beitt óþarfa hörku. Frá atvikinu hafi hún upplifað mikinn kvíða og streitu. Hún upplifi ekki öryggi inni á sínu eigin heimili, en sem fyrr segi hafi verið kallað eftir aðstoð sjúkrabifreiðar vegna þess að hún hafði slasað sig. Atvik hafi hins vegar ekki farið betur en svo að stefnandi endaði í handjárnnum í blautu og köldu malbikinu þótt hún hefði ekkert brotið af sér. Einnig liggja fyrir að lögregluþjónar hafi í leyfisleysi farið inn í húsnaði stefnanda. Af þessum sökum krefjist hún 750.000 króna í miskabætur.

Vaxtakrafa

Stefnandi krefjist almennra vaxta vegna skaðabóta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá hinu bótaskyldu atviki, þ.e. þegar hún var handtekin 25. apríl 2021 til 4. mars 2022, en þá hafi verið liðinn mánuður frá því að stefnda var send krafa um bætur. Krafast sé dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi reisir kröfur sínar á XXXIX. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sérstaklega 1., 2. og 3. mgr. 246. gr. laganna. Þá vísar stefnandi til 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Varðandi aðild og gjafsókn er vísað til 1. mgr. 248. gr. laga um meðferð sakamála. Um vaxta- og dráttavaxtakröfu er vísað til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2008, einkum 6. og 8. gr. laganna. Krafa um málskostnað styðjist við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Um varnarþing vísast til 3. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir öllum málatilbúnaði stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Stefndi vísar til þess að stefnandi styðji bótakröfu sína við 1., sbr. 2., mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sýknukrafa stefnda byggist fyrst og fremst á því að nauðsynleg bótaskilyrði lagaákvæðanna séu ekki fyrir hendi.

Stefndi vill halda því strax til haga að málið sé sérstætt. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi verið talið að stefnandi væri fórnarlamb stórfelldrar líkamsárásar þar sem vopnum hefði verið beitt. Mikið blóð hafi verið á vettvangi og stefnandi blóðug og augljóslega sár á hendi. Stefnandi hafi aldrei haft stöðu sakbornings,

sem sé skilyrði bótaréttar samkvæmt 1., sbr. 2., mgr. 246. gr. sakamálaga. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi byggi sýknukröfu sín á því að sökum ástands stefnanda hafi handtaka hennar verið nauðsynleg og í samræmi við heimildir lögreglulaga í a-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 14. gr. sömu laga, þegar koma þurfi böndum á ærða menn. Aðgerðir lögreglu hafi verið réttmætar og lögmætar og sé öndverðum málsástæðum mótmælt sem röngum. Nauðsynleg bótaskilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, saknæmi og ólögmæti, séu því ekki fyrir hendi. Því beri að sýkna stefnda af kröfu stefnanda sem byggist á þeim lagagrundvelli. Meðalhófs hafi verið gætt.

Samkvæmt samtímagögnum hafi stefnandi verið í annarlegu ástandi, í miklu uppnámi og hafði valdið sjálfri sér líkamstjóni. Starfsmönnum stefnda verði ekki kennt um líkamstjón hennar og sé öndverðum málsástæðum stefnanda mótmælt sem röngum, örökstuddum og ósönnuðum. Stefnandi hafi verið tekin lögreglutökum, en engri óþarfa hörku beitt. Myndskeið, tekin á vettvangi, sýni að stefnandi snúi baki í jörðina þegar lögreglumenn komi böndum á hana. Þannig sitji hún á jörðinni þegar hún sparki í lögreglumann við sama tækifæri. Þegar lögregla neyddist til að handjárna stefnanda hafi henni verið snúið á magann. Við þá aðgerð hafi móðir stefnanda haldið um höfuð hennar að beiðni lögreglu. Fullyrðing stefnanda um að andlit hennar hafi skolið í jörð við handtöku eigi því ekki við rök að styðjast. Framlögð myndskeið sýni að lögregla hafi beitt venjubundnum aðferðum, lögreglutökum, við handtöku stefnanda og þess vegna sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að óþarfa hörku hafi verið beitt.

Myndir sem stefnandi hafi lagt fram og yfirlýsing tannlæknis hafi ekkert sönnunargildi að mati stefnda. Þannig beri myndir ekki með sér af hverjum þær séu, hver tók þær, hvenær og við hvaða tækifæri. Þá beri að hafa í huga að stefnandi hafði dagana á undan veitt sér áverka, rústað öllu í íbúð sinni og þegar lögregla kom á staðinn hafði hún bæði brotið spegil og eldavélarhelluborð. Þá liggi fyrir að eftir að búið hafði verið um sár hennar í sjúkrahól fyrir utan íbúðina í [...] hafi hún gengið af göflunum í bifreið móður sinnar, slegist við hana og brotið rúðu í bifreiðinni. Á myndskeiði úr sjúkrahólfreið verði ekki séð nein sár í kringum munn stefnanda. Sérstaklega að því spurð hafi hún ekki sagst vera með nein önnur sár en þau sem sjúkraflutningamenn hreinsuðu og bjuggu um á staðnum. Sönnunargildi vottorðs tannlæknis sé einnig mótmælt, enda komi ekkert fram um það af hvaða sökum þessir áverkarnir urðu, né hvenær. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að áverkarnir séu ekki henni sjálfri um að kenna.

Stefndi telji að framlagðar mynd- og hljóðupptökur lýsi ekki eingöngu þeim erfiðu aðstæðum sem lögregla þurfti að fást við á vettvangi heldur hreki gögnin mála-vaxtalýsingu stefnanda. Stefnandi telji upptökurnar sýna að lögregla og sjúkraflutningamenn hafi komið fram við stefnanda af nærgætni, virðingu og fagmennsku með hagsmuni hennar að leiðarljósi og þannig gert það sem í þeirra valdi stóð til að aðstoða hana í því annarlega ástandi sem hún sýnilega var í á vettvangi.

Húsleit í skilningi laga nr. 88/2008 hafi ekki farið fram, enda hafi stefnandi

ekki verið grunuð um saknæma háttsemi, þvert á móti hafi verið litið á hana sem fórnarlamb heimilisofbeldis. Því beri að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda. Sú skoðun sem lögregla framkvæmdi í íbúð stefnanda eftir að búið var að tryggja vettvanginn hafi farið fram með heimild stefnanda, og eingöngu til þess að ganga úr skugga um að enginn særður væri innandyra eða þarfnadist aðstoðar. Lögregla hafi metið það svo að sú leit þyldi enga bið að teknu tilliti til þess að mikið blóð var á vettvangi og stefnandi og sambýlismaður hennar nær óviðræðuhæf og í annarlegu ástandi. Þá hafi verið athugað hvort í fljótu bragði mætti sjá hvaða ólyfjanar stefnandi hefði neytt, sem hefði getað orsakað hegðun hennar.

Stefnandi byggi bótakröfu sína einnig á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og sambærilegu ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi. Í dómaframkvæmd hafi þessi ákvæði verið túlkuð með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar, þar á meðal um eigin sök, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 175/2000. Lögregla hafi verið kölluð á vettvang til þess að stöðva heimilisofbeldi sem talið var að beindist gegn stefnanda. Þegar lögreglu bar að garði hafi stefnandi verið í annarlegu ástandi og veist að lögreglu. Sökum ástands, sem hún hafði sjálf komið sér í og beri ein ábyrgð á, hafi það verið mat lögreglu að ekki yrði unnt að gera að sárum hennar eða kanna hversu alvarleg þau væru án þess að svipta hana frelsi í stutta stund. Óráðlegt hafi verið að hleypa henni nærri sjúkraflutningamönnunum fyrr en búið væri að hemja hana. Hafi bótaréttur vegna handtöku stefnanda stofnast sé hann að mati stefnda fallinn niður fyrir eigin sök hennar.

Stefndi áréttar að bótaregla 246. gr. laga nr. 88/2008 sé hlutlæg. Í dómaframkvæmd hafi það því ekki verið talið skipta máli hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til aðgerða sem haft hafi í för með sér tjón eða ekki hafi verið nægilegt tilefni til að grípa til þeirra eða þær verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Í 1. mgr. 248. gr. laga nr. 88/2008 segi að bótakröfu samkvæmt 246. gr. skuli sækja í einkamáli og að um þá málsókn fari eftir almennum reglum. Í stefnu sé ekki byggt á hlutlægri bótareglu 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Bótakrafa stefnanda verði því ekki byggð á því ákvæði gegn mótmælum stefnda, enda slík kröfugerð hvort tveggja í senn of seint fram komin og órökstudd. Samkvæmt ákvæðinu eigi maður sem hafi ekki verið borinn sökum í sakamáli bótarétt hafi hann beðið tjón af þeim aðgerðum sem séu taldar upp í 2. mgr. Stefndi mótmæli því að stefnandi hafi beðið tjón af aðgerðum lögreglu með vísan til þess á hvern hátt þær voru framkvæmdar og í hvaða tilgangi. Þá megi einnig fella niður bætur eða lækka hafi viðkomandi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda mótmæli hann fjárhæð kröfunnar sem ósannaðri og órökstuddri enda sé hún hvorki í samræmi við dómafórnadæmi í sambærilegum málum né fjárhæð í kröfubréfi 4. febrúar 2022 og sé sá munur óútskýrður.

Stefndi vísar til áðurgreindra laga og réttarheimilda er varða sýknukröfur. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Niðurstaða

Stefnandi höfðar þetta mál þar eð hún telur sig eiga rétt til bóta fyrir aðgerðir lögreglu í og við heimili hennar að morgni 25. apríl 2021.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að hún eigi rétt til bóta á grundvelli 1. mgr., sbr. 2. mgr., 246. gr. laga nr. 80/2008. Það ákvæði veitir þeim sem hefur verið borinn sökum rétt til bóta.

Dómurinn fellst á það með stefnda að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að stefnandi hafi á nokkru stigi málsins verið borin sökum um refsiverða háttsemi. Mál gegn henni hefur því ekki verið fellt niður. Þar með eru ekki uppfyllt skilyrði ákvæðisins og því getur stefnandi ekki átt bótarétt á grundvelli þess.

Til stuðnings kröfu sinni um miskabætur vísar stefnandi í öðru lagi til b-liðar 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Samkvæmt því ákvæði er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða þeim sem misgert var við skaðabætur.

Handtaka

Taka verður fram að það er orsök afskipta lögreglu að stefnandi hringdi í móður sína og bað hana að hjálpa sér. Stefnandi hafði þá læst að sér inni á salerni á heimili sínu. Móðir hennar hringdi á lögreglu og kallaði eftir hjálp.

Meðal fram lagðra gagna eru hljóð- og myndupptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna og hljóðritun af símtali móður stefnanda við fjarskiptamiðstöð lögreglu. Í því samtali heyrir að stefnandi ærðist innan dyra heimilis síns áður en lögregla kom á vettvang. Hún hafði einnig ærst áður enda viðurkenndi hún að hafa barið af slíkum krafti í helluborð að það brotnaði og hún skarst á hendi.

Vegna sárs á hendi stefnanda hafði sambýlismaður hennar hringt á sjúkrahúll. Um svipað leyti mun móðir stefnanda hafa hringt til lögreglu. Í því samtali greindi móðir stefnanda frá því að sambýlismaður stefnanda væri ofbeldismaður og ætti vopn. Af þeim sökum var einnig óskað eftir aðstoð sérsveitar. Úr síma móður stefnanda bærust í hljóðupptöku fjarskiptamiðstöðvar átakamikil samtöl milli móður stefnanda, sambýlismannsins og stefnanda.

Samkvæmt hljóð- og myndgögnum kom sjúkrahúll fyrst á staðinn og beið áhöfn hans átekta nokkurn spöl frá húsneðinu þar til lögregla kom enda voru þá bæði stefnandi og sambýlismaður hennar enn inni í húsneðinu og verulega æst.

Vegna frásagnar móður stefnanda taldi lögregla að bjarga þyrfti stefnanda úr ofbeldisfullum aðstæðum. Þegar lögregla kom á staðinn var sambýlismaðurinn þegar handtekinn. Hins vegar blæddi úr hendi stefnanda og hugðist lögregla fylgja henni frá húsneðinu nokkurn spöl út eftir götunni í sjúkrahúllinn.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglu og hefur stefnandi ekki haldið því fram að þar sé nokkuð rangt eftir henni haft. Þar segir meðal annars:

Ég og B fórum með A í sjúkrafreiðina til þess að leyfa sjúkraflutningamönnum að huga að sárum hennar. A var í mikilli geðshræringu og vildi ekki fá aðstoð sjúkraflutningamanna nema að móðir hennar væri viðstödd. Ég fór og bað móður

hennar um að koma og vera hjá henni á meðan verið var að athuga með sárin á höndinni hennar. A sagði að hún væri búin að vera brjáluð í skapinu undanfarna daga og sagðist hafa rústað öllu í íbúðinni þeirra og lamið í helluborð og hafi þess vegna fengið þessi sár á hendina. Aðspurð sagðist A hafa skorið sig á fæti í gær og sagðist hafa þurft að fara á sjúkrahús til þess að sauma sárin.

Hljóð- og myndupptökur sýna að stefnandi var, þegar lögreglu bar að, enn í því hugarástandi sem hún lýsti fyrir lögreglu að hafa verið í næstliðna daga. Fyrstu skrefin að sjúkrabílnum gekk hún óstudd en þegar hún fór að ólmast tóku tveir lögreglumenn, þar af annar kona, hvor undir sína hönd stefnanda og leiddu hana á milli sín næstu skref þar til stefnandi trylltist, barðist um á hæl og hnakka, orgaði og gargaði og hálfpartinn settist á jörðina. Þegar ekki varð neinu tauti við hana komið þar var ákveðið að setja hana í járn. Þetta var lögreglu heimilt skv. 16. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 enda ærðist stefnandi. Eftir að stefnandi hafði verið handjárnúð og reist upp gekk hún milli tveggja lögreglumanna að sjúkrabílnum.

Húsleit

Samkvæmt myndupptökum gengu tveir lögreglumenn inn í húsnaði stefnanda. Sá þriðji bættist síðar í hópinn. Ekki verður annað séð en að þeir hafi í upphafi annars vegar verið að leita af sér allan grun um að ekki væri önnur manneskja í húsnaðinu, hugsanlega slösuð, og hins vegar að staðreyna þá frásögn stefnanda að hún hefði slasað sig sjálf með því að berja í helluborð. Eftir tvær mínútur inni tilkynnti lögregla fjarskiptamiðstöð að húsnaðið væri tryggt og afboðaði sérsveit. Lögreglumenn stóðu síðan inni í húsnaðinu og ræddu við móður stefnanda um meinta vopnaeign sambýlismanns stefnanda. Vegna þeirrar frásagnar lýstu þeir með vasaljósi inn í horn og bak við húsgögn til þess að athuga hvort einhver þeirra vopna kynnu að liggja þar. Vasaljósi var einnig beint inn í ísskáp. Í samtali við lögreglumenn inni í húsnaðinu greindi móðir stefnanda þeim einnig frá því að stefnandi hefði þurft að fara á spítala daginn áður til þess að láta sauma skurði á fæti sínum en þá áverka taldi móðir stefnanda sambýlismanninn hafa veitt stefnanda. Þessi dvöl lögreglunnar í húsnaði stefnanda var ekki húsleit í skilningi X. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála enda var stefnandi ekki borin neinum sökum. Auk þess kemur fram á myndupptöku að stefnandi veitti lögreglu heimild til þess að fara inn á heimili sitt, meðal annars til að staðreyna að hún hefði brotið helluborð.

Dómurinn telur framlagðar mynd- og hljóðritanir ekki sýna að lögregla hafi á ólögmetan eða saknæman hátt gert frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda mein, hvorki með handtöku né með því að fara inn á heimili hennar. Hún á því ekki rétt til miskabóta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi byggir rétt sinn til skaðabóta í þriðja lagi á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum í mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi þess efnis að sá sem hafi verið sviptur frelsi að ósekju eigi rétt til skaðabóta. Eins og stefndi bendir á hefur Hæstiréttur, þar á meðal í dómi í máli nr. 175/2000, túlkað þessi ákvæði með hliðsjón af almennum reglum skaðabóta-

réttar, þar á meðal um eigin sök, enda er rétturinn skv. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar bundinn við það að maður hafi verið sviptur frelsi að ósekju.

Að mati dómsins sýna framlagðar hljóð- og myndupptökur að ástæða þess að stefnandi var handtekin kl. 07:25 var ástand hennar, sem jaðraði við sturlun. Samkvæmt gögnum málsins var hún nýfallin á bindindi í ávana- og fíkniefni og mun neysla þeirra efna skýra þetta ástand hennar. Í það ástand kom hún sér því sjálf og ber því sjálf sök á handtöku sinni. Hún á því ekki rétt til skaðabóta fyrir handtöku á grundvelli þeirra mannréttindaákvæða sem hún vísar til.

Meðalhóf

Í aðdraganda þess að lögregla kom á staðinn var þannig greint frá atvikum að lögregla taldi sig vera að fara að bjarga stefnanda frá ofbeldismanni. Þegar sambýlismaður stefnanda hafði verið handtekinn var því erindi lögreglu lokið.

Þá tók við annað erindi, sem var að fylgja stefnanda að sjúkrahólum til þess að veita mætti henni þar nauðsynlega aðhlyningu, hreinsa sár á hendinni og loka þeim. Spölinn að sjúkrahólum vildi stefnandi ekki ganga nema sambýlismaður hennar kæmi með henni. Þar eð þá var enn talið að hann hefði valdið henni áverkunum var henni sagt að hann myndi ekki fá að koma þangað. Við þessa öryggisráðstöfun sætti stefnandi sig ekki, eins og áður er frá greint. Hljóð- og myndgögn sýna vel að hún var viti sínu fjær og að hefðbundin lögreglutök nægðu ekki til að tryggja að hún færi hvorki sér né öðrum að voða. Því var ákveðið að handtaka hana. Sú handtaka stóð í 13 mínútur, frá kl. 07:25 til kl. 07:38.

Á hljóðritun fjarskiptamiðstöðvar, sem varir í 16 mínútur, eru öll hljóð og samtöl sem berast úr síma móður stefnanda frá því að hún hringdi í lögreglu og allt þar til ákveðið var að setja stefnanda í járn. Eftir að hafa hlýtt margoft á þá hljóðupptöku og horft margoft á öll myndskaið sem lögð hafa verið fram af atvikum er það niðurstaða dómsins að þessi gögn sýni ekki annað en að lögregla hafi komið fram við stefnanda af eins mikilli nærgætni og framast var kostur miðað við það ástand sem hún var í og hafði, eins og áður greinir, sjálf komið sér í.

Stefnandi telur aðfarir lögreglu sérlega meiðandi fyrir sig þar eð hún hafi verið handtekin fyrir utan heimili sitt snemma morguns með blikkandi lögregluljós allt í kring. Í stefnu segir að aðgerðum lögreglu hafi fylgt töluverð læti og hafi fjöldi nágranna stefnanda orðið vitni að atvikinu, sem sé til þess fallið að valda tjóni á mann-orði stefnanda og æru.

Taka má fram að á framlögðum myndskaiðum sjást vel gluggar nærliggjandi húsa. Fyrir þá glugga er dregið og ekki sést að gluggatjöld séu hreyfð. Enginn nágranni kom út í gætt eða út á götu.

Lögregla ræður því ekki hvert hún er kölluð út, hvenær, í hvaða skyni, né í hvaða aðstæður. Það var því ekki val lögreglu að aka inn í íbúðarhverfi snemma á sunnudagsmorgni til þess að bjarga stefnanda frá meintum ofbeldismanni. Frá því að lögregla kom á staðinn og þar til stefnandi var handtekin liðu 2 mínútur og 40 sekúndur. Lögregla var ekki með neinn hávaða en sambýlismaður stefnanda reiddist því

að lögregla væri komin á staðinn svo og að vera grunaður um að hafa veist að stefnanda með ofbeldi. Stefnandi hélt hins vegar hvergi aftur af tjáningu sinni og virtist ekki hafa áhyggjur af því hvort hún raskaði svefnró nágranna sinna. Hafi einhver þeirra vaknað óeðlilega snemma þennan sunnudagsmorgun var það fyrst og fremst vegna orga, garga og gráts stefnanda sjálfrar. Þess má geta að hávaðinn úr íbúð stefnanda barst út á götu áður en lögreglu bar að garði. Stefnandi gat því án aðstoðar lögreglu vakið athygli nágranna sinna á ástandi sínu.

Stefnandi byggir einnig á því að hún hafi hlotið margvíslega áverka vegna athafna lögreglu og hafi meðal annars miðframtönn og hliðarframtönn hægra megin í efri gómi hennar skaðast. Í sjúkrabílnum var stefnandi ítrekað spurð hvort hún væri með aðra áverka sem hún vildi láta líta á og þvertók hún fyrir það. Einnig kom fram að stefnandi hefði skaðað sjálfa sig daginn áður með því að skera sig í lærið og hafði verið gert að þeim sárum á spítala. Næstliðna daga hafði hún einnig „rústað“ íbúðinni og til viðbótar við helluborðið brotið spegil. Myndir sem stefnandi hefur lagt fram af marblettum á sér færa því ekki neinar sönnur á að þá hafi hún hlotið við afskipti lögreglu af henni enda liggur ekki fyrir hvenær þessar myndir voru teknar.

Þegar ákveðið var að handjárna stefnanda liggjandi í götunni var henni vissulega snúið á grúfu en af upptökum verður ekki séð að andlit hennar hafi við það skolið í jörðina. Móðir stefnanda var nærstödd allan tímann og strauk andlit og hár dóttur sinnar. Hefðu tennur stefnanda rekist þá í jörðina og upp úr þeim kvarnast hefði þess þá þegar orðið vart. Vottorð tannlæknis, dagsett 9. ágúst 2022, þess efnis að stefnandi hafi komið á stofu til hans með „smá áverka“ á tönnum færir engar sönnur á að þá áverka hafi hún hlotið að morgni 25. apríl sama ár, þegar lögregla var kölluð að heimili hennar.

Að mati dómsins liggur því ekki annað fyrir en að framganga lögreglu hafi fyllilega verið innan ramma meðalhófs.

Samandregið

Dómurinn hefur nú farið yfir þær aðgerðir lögreglu sem stefnandi telur að hafi skapað henni rétt til miskabóta. Í fyrsta lagi telur dómurinn að stefnandi hafi verið handtekin á grundvelli a-liðar 1. mgr. 16. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 enda hafi hún ærst. Að mati dómsins átti stefnandi sjálf sök á því að lögregla skerti frelsi hennar í 13 mínútur því framkoma hennar skýrðist af neyslu ávana- og vímuefna sem hún neytti sjálfviljug. Í öðru lagi telur dómurinn að ekki hafi farið fram húsleit í skilningi X. kafla laga nr. 88/2008 enda var stefnandi ekki grunuð um refsiverðan verkað. Þar fyrir utan kemur fram á myndskeiðum að stefnandi heimilaði lögreglu að fara inn á heimili sitt, meðal annars til þess að sjá þar brotið helluborð. Í þriðja lagi telur dómurinn stefnanda ekki hafa sýnt fram á að lögregla hafi farið út fyrir ramma meðalhófs í störfum sínum.

Þar eð stefnandi var ekki sakborningur og sætti ekki þvingunaraðgerðum sem eru taldar upp í IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2002 á hún ekki rétt á bótum á grundvelli 1., sbr. 2., mgr. 246. gr. þeirra laga. Aðgerðir lögreglu voru lögmæt og ekki sak-

næmar og því á stefnandi ekki rétt á bótum samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar eð stefnandi stuðlaði sjálf að frelsissviptingu sinni er hún ekki heldur talin eiga rétt til miskabóta á grundvelli 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar eða ákvæða mannréttindasáttmála sem hún vísar til.

Stefndi er því sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, 31. ágúst 2022, var stefnanda með vísan til 1. mgr. 248., sbr. 246., gr. laga nr. 88/2008, veitt gjafsókn til að reka mál fyrir héraðsdómi. Í gjafsóknarleyfinu er tekið fram að gjafsókn taki ekki til kostnaðar sem falli til vegna krafna sem byggist á öðrum bótagrundvelli en 248. gr. laga nr. 88/2008. Skilyrði þess að gjafsókn sé veitt samkvæmt því ákvæði er að stefnandi krefjist bóta á grundvelli 246. gr. Skilyrði þess að það ákvæði veiti bótarétt er að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða sem eru taldar upp í IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008. Eins og fram er komið sætti stefnandi ekki slíkum aðgerðum. Kröfur hennar í þessu máli falla því utan bótagrundvallar 246. gr. og því á hún ekki rétt til þess, samkvæmt orðum gjafsóknarleyfisins, að kostnaður hennar greiðist úr ríkissjóði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfu stefnanda, A.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Hafnað er kröfu stefnanda um greiðslu málskostnaðar skv. gjafsóknarleyfi.